






## Mentor- upplýsingar fyrir aðstandendur

Skólaárið 2019-2020

### Nýtt námsmat

Skólaárið 2019-2020 er verið að innleiða hæfnimiðað námsmat í öllum árgöngum skólans. Það á að veita góða yfirsýn yfir stöðu nemandans í hverri námsgrein. Hæfniviðmið eru skilgreind inn í Mentor í hverri námsgrein í hverjum árgangi.

Nemendur fá reglulega upplýsingar yfir skólaárið um hæfni á hverjum tíma og er lögð áhersla á reglulega endurgjöf og leiðsögn til nemenda. Námsmatið fer fram jafnt og þétt allt skólaárið en er ekki annaskipt eins og verið hefur. Þegar hæfni er metin þá er stuðst við eftirfarandi: Hvort **hæfni sé náð**, hvort nemandi sé á **góðri leið**, hvort nemandi **þarfnast þjálfunar** eða að **hæfni sé ekki náð**. Einnig er hægt að gefa nemendum **framúrskarandi**.

 Framúrskarandi	Sýnir framúrskarandi hæfni sem er meiri en ætlast er til af nemendum í árganginum.
 Hæfni náð	Sýnir hæfni sem ætlast er til, fáar eða engar skekkjur á því sem kennt er.
 Á góðri leið	Hefur náð meginþorra hæfninnar. Fáar skekkjur á einföldum þáttum en mun fleiri ef um flóknari þætti er að ræða.
 Þarfnast þjálfunar	Hefur ekki fyllilega náð hæfni. Lítil skilningur á námsefni sem lagt er til grundvallar.
 Hæfni ekki náð	Hefur ekki náð hæfni. Skólinn gerir sérstaka grein fyrir hæfni nemenda með umsögn.

Megin ástæðan fyrir nýjum matskvarða er að með nýrri aðalnámskrá er aukin áhersla lögð á hæfniviðmið sem sett eru í hverjum árgangi. Það er í samræmi við áherslubreytingar í menntun hér á landi og í nágrennalöndunum.

Í lok skólaársins fá nemendur afhent vitnisburðarblað þar sem tekin er saman hæfnieinkunn úr hverri námsgrein. Mögulegt er að skoða námsmatið ítarlegar inn í Mentor og öll hæfniviðmið í viðkomandi greinum til að fá betri mynd af námsframvindunni.